

Föstudaginn 7. júní 1935.

Nr. 118/1934. **Erfingjar Stefáns Guðjohnsen**

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

hreppsnefnd Húsavíkurhrepps

(Eggert Claessen).

Staðfesting lögtaks fyrir lóðargjaldi.

Úrskurður fógetaréttar Þingeyjarsýslu 12. jan. 1934:
Hið umbeðna lögtak skal fara fram.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu er skotið til hæstaréttar með stefnu 14. júlí f. á. og að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m.

Áfrýjendur hafa krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi, og málskostnaðar fyrir hæstarétti. Hin stefnda hreppsnefnd hefir krafizt staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Verzlun sú, er Stefán Guðjohnsen, kaupmaður á Húsavík, veitti forstöðu, og síðar hann sjálfur, höfðu um langt skeið haft afnot af fjöru undan lóðsinni í Húsavíkurkaupþúni, án þess að greiða sérstakt gjald fyrir til hreppsins, sem er eigandi lóða og fjöru í kaupþúninu, og án þess að fjöruspilda þessi væri þeim útmæld. En árið 1925 fékk Stefán sér útmælda úr fjörunni 487 fermetra. Gekk sjór yfir spildu þessa í stórstraumsflóðum og brimum. Árið 1925 og 1927 gerði Stefán uppfyllingar á lóðar-spildu þessari. Utan um þær gerði hann ennfremur steinsteyptan vegg á þrjá vegu til varnar sjávargangi. En sjálf er uppfyllingin gerð úr mól og sandi, en á yfirborði hennar er grjótlag með steypu í og þunnt slitlag efst. Á uppfyllingu þessari hafa verið

reist lýsisbræðsluhús og litill skúr. Fjörulóð þessi með uppfyllingu var talin til lóðargjalds samkv. lögum nr. 22/1922 4000 krónur. Var gjald krafist með 2% af þessari upphæð fyrir árið 1932, eða 80 krónur. En gjaldþegn neitaði að gjalda, með því að hann taldi uppfyllinguna á fjörulóðinni „mannvirki“ er eigi bæri að gjalda af lóðargjald samkvæmt nefndum lögum.

Það er upplýst í málinu, að það kostaði 7000—8000 krónur að gera lóðina svo úr garði sem sagt var og má af því nokkuð ráða það, að mat hennar til lóðargjalds hafi eigi verið miðað við þann tilkostnað, nema þá að einhverju leyti, enda telur hin stefnda hreppsnefnd áðurnefndar aðgerðir á lóðinni eigi til mannvirkja, eins og hún telur, að skilja beri það orð í lögum nr. 22/1922. Á þennan skilning hreppsnefndarinnar þykir mega fallast, því að nefndar aðgerðir á lóðinni virðast ekki fara út fyrir það, sem nauðsynlegt var til þess að hafa hennar full not *sem lóðar* í þarfir þess atvinnurekstrar, sem fram fór á lóðinni fyrir ofan sjálfa fjöruna og á sjálfri uppfyllingunni. Verður því að telja lóðargjaldið hafa verið réttléga krafist, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Eins og framlögð skjöl þessa máls bera með sér, er því haldið fram af hálfu gerðarþola (requisiti) að sér beri ekki að greiða hinn umkrafða fjörulóðarskatt kr. 80.00 til Húsavíkurhrepps, sökum þess að í fasteignamatsverði fjörulóðar hans sé innifalið mannvirki, því uppfyllinguna á lóðinni beri réttilega að skoða mannvirki á lóðinni, sem komi til frádráttar samkv. síðustu málsg. 1. gr. laga nr. 22, 19. júní 1922 um skatt til sveitarsjóðs af lóðum og lendum í Húsavíkurhreppi, en þetta hafi ekki verið gert, heldur sé skatturinn reiknaður bæði af lóð og mannvirki, en samkv. nefndum lögum beri að aðgreina matsverð lóðarinnar frá matsverði uppfyllingarinnar og hinu umkrafði skattur því ekki rétt reiknaður.

Gerðarbeiðandi heldur því hinsvegar fram, að hér sé um misskilning að ræða hjá gerðarþola, því uppfyllingin á fjörulóð requisiti sé ekki mannvirki í þeim skilningi, sem við er átt með framannefndu lagaákvæði og með gildandi lögum um fasteignamat, heldur sé hún aðeins hagræðing lóðarinnar til þess að gera hana nothæfa almennt.

Einnig upplýsir gerðarbeiðandi að þegar fasteignamatsnefndin mat fjörulóðirnar í Húsavíkurhreppi, var matið eingöngu bundið við lóðirnar sjálfar og þannig fundið, að hver fermetri lóðar var metinn ákveðinni krónutölu og heildarmat hverrar lóðar gert eftir því. Upplýsir hann jafnframt og sundurliðar, að þannig hafi fjörulóð requisiti með lóðarréttindum verið metin kr. 4000.00 og lóðarskattur til sveitarsjóðs reiknaður 2% af þeirri upphæð = 80 krónur, og sé því rétt reiknaður og réttilega krafinn.

Málinu hefir, samkv. 1. gr. laga nr. 22, 1922, verið skotið til sameiginlegs fundar eða álits byggingarnefndar og jarðeignarnefndar Húsavíkurhrepps og meiri hluti nefndanna komið að sömu niðurstöðu og gerðarbeiðandi og ályktun nefndanna síðan samþ. af hreppsnefnd Húsavíkurhrepps.

Að fengnum upplýsingum, sem fyrir liggja í máli þessu og sérstaklega að athugaðri ályktun byggingarnefndar og jarðeignarnefndar Húsavíkurhrepps, verður að fallast á, að það sé eingöngu fjörulóðarréttindi eða fjörulóð St. Guð-

johnsens í Húsavíkurhreppi, sem metin er í gildandi fasteignamati á 4000 kr. og umkrafinn lóðarskattur því réttilega reiknaður kr. 80.00 og réttilega krafinn, og verður því hið umbeðna lögtak að fara fram.

Miðvikudaginn 12. júní 1935.

Nr. 5/1935. **Eggert Kristjánsson & Co.**

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

Stefáni Stefánssyni f. h. Smjörlikisgerðar Akureyrar h/f.

(Einar B. Guðmundsson).

Verzlunarskuld. Skuldajafnaðarréttur eigi viðurkenndur.

Dómur gestaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 28. maí 1934: Stefndur, firmað Eggert Kristjánsson & Co., í Reykjavík, greiði stefnandanum, lögfræðingi Stefáni Stefánssyni frá Fagraskógi, f. h. h/f. Smjörlikisgerð Akureyrar á Akureyri 2384 — tvö þúsund þrjú hundruð áttatíu og fjórar — krónur 34 aurar ásamt 6% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 1. jan. 1933 að telja þar til greitt er. Svo greiði stefndur og stefnandanum 180 — eitt hundruð og áttatíu — krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu er áfrýjað með stefnu, útgefinni 21. jan. 1935 og að fengnu áfrýjunarleyfi 11. s. m.

Áfrýjandi krefst *aðallega* algerðrar sýknu af kröfum stefnda í máli þessu, en *til vara*, að hin dæmda upphæð verði færð niður í kr. 914.34. Svo